

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn að Glerárgötu 26, 13.ágúst 2012 kl. 16.30



Mætt voru: Þröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Ármann Ketilsson, Hörður Sigurharðarson og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri. Gestir fundarins voru Nói Björnsson Formaður ÍRA og Ellert Erlingsson forstöðumaður íþróttamála hjá Akureyrarbæ. Áslaug Kristjánsdóttir boðaði forföll.

Formaður bauð viðstadda velkomna og setti fundinn

1. Framtíðaraðstaða fyrir júdó, taekwondo, karate, box, glímu og kraftlyftingar.

Þröstur kynnti málefnið og sagði ofangreindar íþróttagreinar vera á hrakhólum með aðstöðu og mæta afgangi í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar. Hann fór yfir söguna og stöðuna og sagðist telja ástæðu til að fara að skoða þetta mál því aðstöðuleysi kæmi í veg fyrir framþróun. Einnig sagði hann nýja deild Dansdeild vera líka án afstöðu. Þröstur sagði vera til hús en það kostaði peninga. Óskað var eftir því að athugað væri hvort bæjarfélagið ætti mögulega húsnæði sem kæmi til greina, sem félögin gætu hugsanlega innréttað sjálf. Einnig að þetta yrði sett inn í framkvæmdaáætlun. Ákveðið var að Stjórn ÍBA sendi ályktun áfram til ÍRA um málið til að koma af stað umræðu hvernig hægt er að leysa það.

2. Aðstaða í dag fyrir júdó.

Starfssemi júdó er í of litlu húsnæði í dag, hjá KA. Þarf úrbætur og einnig hefur vaknað spurning hvort þurfa að borga leigu til KA. Forsendur eru breyttar hjá KA, því að júdódeild er ekki lengur virk. Skoða þarf hvað felst í samningnum um húsnæðið og hvernig hægt er að hafa leigu- og greiðslufyrirkomulag milli þessara aðila. Beðið er eftir svari frá stjórn KA með aðstöðuna.

3. Aðgengi í Boganum fyrir frjálsar.

UFA hefur óskað eftir að fá meira aðgengi að aðstöðu í Boganum. Ákveðið var að koma á fundi með fulltrúum ÍRA og stjórn UFA um möguleikana og þeirra hugmyndir.

4. Aðstaða í Íþróttahöllinni fyrir mótahald.

Handboltamenn hafa spurst fyrir um aðstöðu fyrir gesti í tengslum við leiki. Hugmynd hefur komið fram að skipta við Skákfélagið um aðstöðu. Eru búnir að ræða saman og vilji er fyrir hendi en þörf á ákvörðun og samþykki ÍRA. Fulltrúar ÍRA á fundinum hyggjast skoða málið.

5. Alþjóðlegt mót fyrir unglunga að vetri til.

Hugmynd um að koma á samstarfi við vinabæi um mótshald nokkurra greina að vetri til. Erindi var sent til Afmælisnefndar Akureyrarbæjar, sem kom ekkert kom út úr. Spurning hvort þetta er mál ÍRA eða Akureyrarstofu? Ákveðið var að senda erindi til ÍRA með fyrirspurn um málið.

6. Umræða um fyrirlestra tengda afmælisári.

Hugmyndir eru uppi með að standa að fyrirlestri/um, sem viðburðum tengdum afmælisári Akureyrarbæjar, æskilegt að koma í framkvæmd í september. Hugmyndirnar voru lagðar inn til afmælisnefndarinnar en ekkert hefur komið út úr því. Velt var upp samstarfsmöguleikum

ÍBA við einhverja aðra aðila um að koma á umræðum/fyrirlestrarhaldi? Umræðuefni gætu verið: Eru íþróttæfingar barna og unglunga - of margar á viku? Er álag á börn og unglunga bæði andlegt og líkamlegt of mikið. Áhrif frístunda skólanna.

7. Önnur mál.

Kom bréf frá Katrínu framkvæmdastjóra Samfélags- og mannréttindadeildar Akureyrarbæjar með hugmyndum um að halda kynningu fyrir nýbúa á íþróttafélögunum. Fram kom að til er kynningarbæklingur frá árinu 2004 og öll félög eru núna með heimasíðu. Spurning er hvort ÍBA eigi að beita sér fyrir útgáfu á nýjum kynningarbæklingi, sem yrði einnig á ensku. Hluti af efninu er til og er aðgengilegt. Ellert tók að sér að ræða við Katrínu um málið. Hugmyndir eru uppi um að halda Hreyfidaga sem yrðu kynning um leið.

Mál sem hefur verið í umræðunni lengi var kynnt fyrir hinum nýja forstöðumanni íþróttamála. Það er að rita íþróttasögu Akureyrarbæjar. Um margt löngu búið að leggja fram framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun og stefnt á samstarf við Jón Hjaltason um ritunina. Einnig hefur verið í umræðunni að koma á fót íþróttasafni. Umræður fóru fram hvort að íþróttahreyfingin eigi að sjá um slíka framkvæmd með styrkjum frá yfirvöldum og fyrirtækjum.

Rætt um sölu á heitum íþróttamannvirkjanna (s.s. Vodafone höll) og auglýsingar í þeim. Fram kom að Fasteignafélagið er með reglur og nauðsynlegt er að setja reglur um tekjuskiptingu. Einnig um merkingar á mannvirkjum þar sem samnýting fleiri en eins félags er fyrir hendi. Sjálfsagt og æskilegt er að félög merki sín æfingasvæði félaginu. Fundarmenn voru sammála um að þetta þarf að ræða og móta þarf reglur.

FIMAK sendi fyrirspurn um áframhald á styrkveitingu frá Akureyrarbæ þegar samningar væru lausir. Því var svarað að gera ráð fyrir óbreyttu, meðan annað liggur ekki fyrir.

Kynnt var erindi frá Maríu Stefánsdóttur og Stefáni Birgissyni um kynningu á íþróttafélögunum á Akureyrarvöku á næsta ári. Einnig að hafa fyrirlestur í september um íþróttameiðsli. Stjórn var sammála um að eðlilegt væri að fara í samstarf með þeim um það.

Fulltrúum ÍRA var þakkað fyrir að koma á fundinn og jafnframt óskað eftir áframhaldandi góðu samstarfi.

Fundi var slitið kl. 18.10